

LEYFISKERFI KKÍ

Útgáfa 2.0

LEYFISKERFI KKÍ

Tilgangur leyfiskerfisins er að skapa umgjörð um skipulag, fjármálastöðugleika og aðstöðu til æfinga og keppni í íslenskum körfuknattleik, og þar með tryggja sem mestan og sjálfbærastan vöxt og útbreiðslu íþróttarinnar til lengri tíma. Leyfiskerfi þetta tók gildi 1. september 2025 og eftirfarandi skilyrði skulu körfuknattleiksdeildir (einnig nefnt „félög“) uppfylla til að taka þátt í keppni úrvalsdeildar karla og kvenna. Leyfiskerfið verður endurskoðað árlega í lok hvers keppnistímabils og skal næstu endurskoðun vera lokið fyrir 1.júlí ár hvert.

1. Fjárhagslegt hæfi

Fjárhagslegt hæfi miðar að því að félög sýni ábyrgð í rekstri, eyði ekki um efni fram, og að rekstur körfuknattleiksdeildar sé í samræmi við lög og reglur.

- 1.1. Félög skulu skila samþykktum ársreikningi fyrir körfuknattleiksdeild viðkomandi félags (samþykktum_af aðalfundi og stjórn félagsins), til KKÍ í samræmi við Lög KKÍ, eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Reikningsár skal miðast við almanaksárið. Fyrir almanaksárið 2025 skulu félög skila inn fullnægjandi ársreikningi eigi síðar en 30. september 2026.
- 1.2. Ef ársreikningur körfuknattleiksdeildar er hluti af ársreikningi aðalstjórnar fjölgreinafélags þá þarf viðkomandi körfuknattleiksdeild að skila til KKÍ sundurliðuðum ársreikningi sem sýnir glöggst rekstur og fjárhagsstöðu viðkomandi körfuknattleiksdeildar sem sjálfstæð rekstrareining. Slíkur ársreikningur þarf að vera samþykktur af aðalstjórn félagsins sem og af stjórn viðkomandi körfuknattleiksdeildar.
- 1.3. Samþykktur ársreikningur körfuknattleiksdeildar félagsins þarf að vera skýr, með nægjanlegar sundurliðanir og skýringar svo átta megir sig á stöðu viðkomandi körfuknattleiksdeildar. KKÍ getur kallað eftir frekari skýringum á innsendum ársreikningi ef nauðsyn krefur. Viðkomandi félag skal bregðast við slíku innan þess frests sem KKÍ gefur.
- 1.4. Á hverju þriggja ára tímabili verður uppsöfnuð samanlögð afkoma körfuknattleiksdeildar félags að vera jákvæð. Ekki er heimilt að reka félag með halla yfir hvert þriggja ára tímabil. Fyrsta þriggja ára tímabil hefst frá og með 1. janúar 2025.
- 1.5. Félög þurfa að skila inn staðfestingu á greiðslu opinberra gjalda til KKÍ eigi síðar en 1. júlí ár hvert.
- 1.6. Félög skulu ekki vera í vanskilum við KKÍ í byrjun hvers tímabils, sem miðast við 1. september ár hvert.
- 1.7. Félög þurfa að staðfesta skriflega að allir leikmenn og aðrir starfsmenn hafi fengið greitt, eða búið sé að semja um greiðslur þegar það á við frá síðasta tímabil, eigi síðar en 1. júlí ár hvert.
- 1.8. Félög þurfa að staðfesta skriflega að uppeldisbætur milli félaga séu greiddar eigi síðar en 15. september ár hvert og skv. reglugerð um leikmannasamninga.

2. Íþróttalegar forsendur

Markmið íþróttalegra forsendna er að félög vinni að framgangi íþróttarinnar, styðji við útbreiðslu, fjölgun iðkenda og tryggi hag leikmanna. Félög þurfa að skila inn þjálfaralista fyrir komandi keppnistímabil til skrifstofur KKÍ skv. málsgreinum 2.3.–2.5. fyrir 15. september ár hvert.

- 2.1. Skilyrði er að félög haldi úti virku yngri flokka starfi. Með virku yngri flokka starfi þá er átt við að lágmarki einn yngri flokk fyrir stúlkur og einn fyrir stráka.
- 2.2. Skilyrði er að félög séu með starfrækta meistaraflokka fyrir bæði karla og konur og sendir bæði karla- og kvennalið til keppni á Íslandsmóti, eigi síðar en fyrir keppnistímabilið 2026/2027. KKÍ er heimilt að veita félagi undanþágu frá þessu skilyrði ef viðkomandi félag sækir um það til KKÍ fyrir 1. september 2026. Til þess að veita megi undanþágu þarf félagið leggja fram skýr plön hvernig félagið hyggst starfrækja meistaraflokka fyrir bæði karla og konur eigi síðar en á keppnistímabilinu 2027-2028.

Ef félag sendir ekki lið í meistaraflokki til keppni á Íslandsmóti í bæði karla- og kvennaflokki falla umbunargreiðslur skv. Leyfiskerfi niður fyrir það keppnistímabil.

- 2.3. Allir þjálfarar félags sem stýra starfi meistaraflokka skulu hafa lokið eða hafið KKÍ 3 þjálfaranám.
- 2.4. Allir þjálfarar félags sem stýra starfi 8. til 11. flokks skulu hafa lokið eða hafið KKÍ 2 þjálfaranám.
- 2.5. Allir þjálfarar félags sem stýra starfi 7. flokks og yngri skulu hafa lokið eða hafið KKÍ 1 þjálfaranám.
- 2.6. Félag skulu stefna að því að setja saman fagteymi sem gæta að álagi á leikmenn og að þeim séu veitt viðeigandi verkefni.
- 2.7. Félagið skal halda dómaramámskeið í samstarfi við KKÍ fyrir alla iðkendur sína í 10.-12. flokki, ungmennaflokki og meistaraflokki fyrir áramót hvert tímabil.

3. Framkvæmd leikja og aðstaða á leikstað

Markmið er að tryggja framkvæmd leikja í samræmi við leikreglur og lög og reglugerðir KKÍ, þannig að upplifun þeirra er að leiknum koma verði sem best.

- 3.1. Félög skulu tilkynna til KKÍ fyrir 1. september ár hvert, hver er heimaleikjastjóri og fjölmiðlafulltrúi félags. Að öðru leyti er vísað í „Handbók KKÍ um leikjahald úrvals- og 1. deilda“ en liðum í úrvalsdeildum karla og kvenna ber uppfylla þau skilyrði sem þar koma fram.
- 3.2. Standandi auglýsingaskilti skulu vera svokölluð LED skilti sem standast þær öryggiskröfur sem settar eru til körfuknattleiks–LED skiltin skulu vera meðfram allri hliðarlínunni gegnt sjónvarpsvélum (og Spideoo) og einnig meðfram báðum endalínunum að vitateigslínu (við endalínu). LED skiltin snertast í horninu við hliðar- og endalínu.

Önnur standandi auglýsingaskilti verða bönnuð á gólfi leikvallar án skriflegrar undanþágu KKÍ.

4. Leikmannamál

- 4.1. Allir leikmenn á leikmannalista meistaraflokks karla og kvenna skulu vera með skriflegan og undirritaðan samning við viðkomandi félagi. Öllum samningum skal skila inn til KKÍ til að leikmaður fái leikheimild.
- 4.2. Allir samningsbundnir leikmenn skulu sjúkra- og slysatryggðir við ferðalög, æfingar og keppni.
- 4.3. Skráning leikmanna til KKÍ skal lokið eigi síðar en sjö dögum fyrir fyrsta leik í deildarkeppni eða meistarakeppni fyrir komandi tímabil og gögnum skila inn í samræmi við 4.1.
- 4.4. Að öðru leiti er vísað er í „*Handbók KKÍ um leikjahald úrvals- og 1. deilda*“ en liðum í úrvalsdeildum karla og kvenna ber uppfylla þau skilyrði sem þar koma fram.

5. Kynningar- og markaðsmál

- 5.1. Fyrirkomulag miðasölu stærri leikja eins og úrslitakeppninni (þar sem búast má við að uppselt verði) skal unnið í samráði við KKÍ og reglur þar um og kynnt mótherjum með minnst 24 klst fyrirvara áður en miðasala opnar, og sé auk þess kynnt ítarlega á samfélagsmiðlum og heimasíðu félags.
- 5.2. Vera með virka samfélagsmiðla og senda upplýsingar til KKÍ fyrir 1.september ár hvert, hvaða samfélagsmiðla félagið er með þannig að KKÍ geti fylgt viðkomandi félagi og merkt félaginu efni þegar við á og KKÍ telur tilefni til.
- 5.3. Tryggja þarf að kynningarefni frá styrktaraðila (og/eða styrktaraðilum) úrvalsdeildar sé greinilegt á LED skiltum, keppnisbúningum, heimasíðu og samfélagsmiðlum félags í samræmi við kröfur KKÍ hverju sinni.

Senda skal upplýsingar um stærð/upplausn LEDs skilta til KKÍ fyrir 15. september ár hvert og KKÍ sendir rétta stærð/upplausn af auglýsingu til félagsins sjö virkum dögum fyrir fyrsta leik á Íslandsmóti.
- 5.4. Öll viðtöl sem fara fram í mynd (sjónvarp, vefur eða ljósmyndatöku) við leikmenn, þjálfara sem og aðra sem tengjast leiknum, eiga ætíð að vera með viðtalsveggi/gardínur með merkjum styrktaraðila í bakgrunni og í samræmi við kröfur KKÍ. Leitast skal eftir að viðtöl fari fram í umhverfi sem er ekki með mikinn umhverfishávaða (t.d. boltadripl, spjall á milli fólks og fleira).
- 5.5. Fyrir upphaf hvers keppnistímabils þá er haldinn fjölmiðladagur þar sem leikmenn og þjálfarar þurfa að mæta í upptökur og myndatökur sem notað er í kynningarefni og auglýsingar úrvalsdeildanna. KKÍ þarf að tilkynna dagsetningu fyrir 15. ágúst ár hvert.

6. Búningar og önnur umgjörð

- 6.1. Búningar félags skulu vera að öllu leyti samkvæmt leikreglum FIBA.
- 6.2. Keppnisbúningar komandi tímabils þurfa að vera tilbúnir eigi síðar en 15. september ár hvert, að fullu merktir styrktaraðilum viðkomandi félags og úrvalsdeildar eins og við á. Mynd eða teikning af keppnisbúning skal senda til KKÍ í síðasta lagi 1. september ár hvert.
- 6.3. Félagi ber að afhenda skrifstofu KKÍ allt að 30 frímiða fyrir hvern leik, bæði í deildar- og úrslitakeppni, sé þess óskað af hálfu skrifstofu KKÍ.

7. Eftirlit og vanræksla

Reglulegar úttektir eru gerðar til að tryggja að félögin uppfylli fyrrgreindar leyfiskröfur og hefur skrifstofa KKÍ eða aðilar á þeirra vegum eftirlit með framkvæmdinni. Vanræksla félags á skilyrðum leyfiskerfisins getur leitt til eftirfarandi stigvaxandi úrræða af hálfu framkvæmdastjóra og/eða stjórnar KKÍ.

- 7.1. Við fyrstu og minniháttar misfellur er skrifstofu KKÍ heimilt að veita **áminningu**. Aðeins er hægt að veita eina áminningu vegna málsgreina 1.1., 1.2, 3.2., 5.2, 5.3, 5.4 og 5.5. Hafi félag fengið áminningu skal beita öðrum úrræðum.
- 7.2. **Fjársekt** er hægt að beita við broti á ákvæðum leyfiskerfis. Þriðju sekt á sama félag má einungis leggja á að undangengnum fundi skrifstofu KKÍ og forsvarsmanna félags vegna þess máls er fyrir liggur.

Fjöldi sekta	Upphæð í kr.
Fyrsta sekt	100.000,-
Önnur sekt	200.000,-
Þriðja sekt	300.000,-
Fjórhá sekt	400.000,-
Hver sekt eftir það	500.000

Frá og með þriðju sekt þá mun 50% af greiddum sektum verða eyrnamerkt til niðurgreiðslu á þátttöku og ferðakostnaði unglingalandsliða KKÍ í mótum erlendis. Slíkt mögulegt framlag kemur til viðbótar öðrum framlögum og verður því aukning sem því nemur.

- 7.3. **Heimaleikjabann** er hægt að leggja á uppfylli leikstaður félags ekki þær kröfur sem settar eru samkvæmt leyfiskerfinu. Heimaleikjabann er hægt að setja á staka leiki, tímabundið eða ótímabundið, eftir aðstæðum. Heimaleikjabann sem nær yfir tvo leiki eða meira má einungis leggja á að undangengnum fundi skrifstofu KKÍ og forsvarsmanna félags vegna þess máls er fyrir liggur.
- 7.4. Við ítrekuð eða alvarleg brot á leyfiskerfi getur stjórn KKÍ **afturkallað keppnisleyfi** félags. Það skal einungis gert hafi önnur úrræði ekki borið tilætlaðan árangur. Keppnisleyfi er einungis hægt að afturkalla að undangengnum fundi skrifstofu KKÍ og forsvarsmanna félags vegna þess máls er fyrir liggur.

8. Framkvæmd og umbunakerfi

KKÍ leggur öllum félögum í efstu deild karla og kvenna til kr. 600.000,- (skv. lið 8.1, 8.2 og 8.3) vegna framkvæmdar á leyfiskerfinu skv. eftirfarandi reglum. Auk þess greiðir KKÍ fyrir árangur félaga í úrslitakeppni (skv. lið 8.4, 8.5 og 8.6). Samtals geta greiðslur til hvers félags því orðið kr. 2.400.000,- ef félag kemst í lokaúrslit um Íslandsmeistaratitil, bæði í úrvalsdeild karla og kvenna flokki.

Samtals nema þessar greiðslur til félaganna kr. 20.000.000,- m.v. núverandi keppnisfyrirkomulag.

Ef félag er í vanskilum við KKÍ þá er KKÍ heimilt að skuldajafna á móti slíkri skuld/vanskilum. KKÍ er heimilt að efna greiðslur með inneignum s.s. hjá stuðningsaðilum KKÍ á hverjum tíma.

- 8.1. Við upphaf keppnistímabils þann 5. nóvember ár hvert verða greiddar kr. 200.000. Hafi félög ekki uppfyllt skilyrði skv. málsgrein 1.6 þá fyrirgerir viðkomandi félag þessari greiðslu og hún fellur niður.
- 8.2. Þann 5. apríl ár hvert verða greiddar kr. 200.000,-
- 8.3. Þann 5. júlí ár hvert verða greiddar kr. 200.000,-
- 8.4. Komist félag í úrslitakeppni úrvalsdeildar greiðir KKÍ viðkomandi félagi kr. 300.000,-
- 8.5. Komist félag í 4-liða úrslit úrvalsdeildar greiðir KKÍ viðkomandi félagi kr. 200.000,-
- 8.6. Komist félag í lokaúrslit um Íslandsmeistaratitil greiðir KKÍ viðkomandi félagi kr. 100.000,-.
- 8.7. Þann 5. júlí ár hvert verða greiddar greiðslur til félaga sem komast í úrslitakeppni.

Samþykkt af stjórn KKÍ þann 24. júlí.2026.